



Menningar- og fegrunarnefnd 7. september 2010

3. fundur Menningar- og fegrunarnefndar Blönduósbæjar var haldin þriðjudaginn 7. september 2010, kl.17.00 að Hnjúkabyggð 33. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Húnavaka
2. Erindi um tillögu að safni
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Formaður setti fund og bauð bæjarráð velkomið. Fyrst á dagskrá eru umræður um Húnavöku. Ákveðið er að festa 3 helgina í júlí fyrir Húnavökuna, en á næsta ári er það 15.-17. júlí. Allir voru sammála um að Húnavakan hefði heppnast mjög vel og að byrja þyrfti að huga að næsta sumri. Bæjarráð sat fundinn undir þessum lið og vék síðan af fundi.
2. Ragnheiður las upp bréf frá hjónunum Auðunni og Berglinni um tillögu að stofnun safns á Blönduósi sem heldur utan um muni hinna ýmsu safnara á staðnum og næsta nágrenni, einnig koma þau með þá hugmynd að hægt væri að bjóða uppá safna-passa sem gildir á söfn bæjarins. Nefndinni líst vel á þessa hugmynd og mun boða þau á sinn fund fljótlega.
3. Önnur mál voru engin.

Fundargerðin upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18.15.

Ragnheiður Ólafsdóttir (sign.)
Erna Björg Jónmundsdóttir (sign.)
Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Kári Kárason (sign.)
Oddný M. Gunnarsdóttir (sign.)

Kristín Guðjónsdóttir (sign.)